..... Útlitið er ljótt og kvíðvænlegar horfur framundan. Eru allir að ganga frá vitinu eða hvað? Nýlega heyrðum við í útvarpinu, að einn ráðherrann sagði, að fyrir 14 árum (1918), þegar við fengum sjálfsforræðið í hendur, hefðum við átt rúmar 8 miljónir í Kistuhandraðanum eða sama sem, n.fl. átt þær til góða erlendis og að „það mundi þykja bærilegt nú", minnir mig að hann segði. Ó-já, það þætti víst „bærilegt nú"; okkur sveitakörlunum, kemur þá til hugar, þessar 16 miljónir, sem hann Jónas ykkar eyddi að óþörfu og í algjörðu heimildarleysi í eintómar snattferðir á sjó og á landi í þarfir síns eigin flokks, svo að það sér hvergi neinn stað, nema að því leyti, að það hefir e.t.v. fleytt einhverjum af fylgifiskunum hans yfir eitthvert sambandsfenið rétt í bili og hlýtur að vera þeim hinum sömu og þeim einum gleðiefni, að nú hefir þessi vandræðagepill fengið dóm fyrir því, að það er beinlínis tukthússök að borga skuldir sínar. Þessu láni(?) höfum við Íslendingar aldrei getað fagnað fyrri.....

Þá er það ekki svo lítið sem á gengur þarna hjá ykkur í höfuðstaðnum: Sífeld áflog og ólæti. Eg hefi í allt haust verið að reyna að útvega mér gegningamann til vetrarins, en engan fengið. Mér er sagt, að fleiri tugir ungra manna séu algjörlega atvinnulausir og fái að éta á bæjarins kostnað: þeir stjákist rétt í bili þangað sem maturinn er borinn fram fyrir þá og hámi hann í sig eins og skepnur, en þjóti svo eins og grimmir og hungraðir úlfar strax frá borðinu niður í bæ til þess að berja lögregluna til óbóta og gjöreyðileggja hús og húsmuni bæjarmanna fyrir svo þúsundum króna skifti á dag og að Héðinn nokkur sé forsprakkinn fyrir slíku framferði. Viljið þið ekki reyna að gefa húsbóndanum hans ytra nákvæma skýrslu um þetta — Keflavíkurfarganið í fyrra o.fl. mætti fylgja með — svo þeir sjái hverskonar dugnaðarvarg þeir hafa hér í þjónustu sinni? Þeir ættu að geta séð, að þeir standa svo miklu betur að vígi með slíkan umboðsmann en keppinautar þeirra. Það er varla hætt við því, að þeir mundu óttast lakari sölu á vörum sínum eða hvað? ef umboðsmaður þeirra gæti komið því til leiðar að enginn fleyta færi á sjóinn svona fyrst um sinn og sérstaklega ef hann reynist svo röggsamur að ekki væri hægt að hafa neinn hemil á neinu. Eg skil ekki annað, en að þið eigið svo marga og góða málamenn, sem gætu snarað skrifum þessa manns á erlend mál, t.d. ensku og dönsku, sem svo mætti senda þeim í löggiltum þýðingum, ef þess væri þörf, svo þeir sæju hvernig hann lítur á þessi mál og gæti borið það saman við væntanlega hagnaðarvon af sölu sinnar eigin vöru. Erlend blöð mundu efalaust fús á að fá slíkar fregnir héðan. Eg bendi bara á þetta í bezta tilgangi, því það er alls ekki víst að margir útlendingar viti, að þeir eigi svona hollráðan ~~umboðs~~mann hér og alveg óvíst að hann sé sjálfur svo uppmeð sér af þess, að hann láti þá vita neitt um það; en þá þurfa aðrir að gera það, enda er þetta svo sérstakt, að okkur mætti vera það metnaðarmál að geta bent á, að slíkan mann eigum við nú samt, Íslendingar.

Ljótt útlit og kvíðvænlegar horfur!
Stjórnmálahugleiðingar.
1 blað.

26.